

Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

Sjá vefútgáfu Íslensks iðnaðar á si.is

1. tbl. • Janúar 2001

ÚTBOÐSPING 2001

HÓTEL LOFTLEIÐUM - ÞINGSAL 1

Verklegar framkvæmdir

Samtök iðnaðarins og Félag vinnuvélaeigenda boða til **ÚTBOÐSPINGS föstudaginn 26. janúar á Hótel Loftleiðum** í Reykjavík þar sem kynntar verða verklegar framkvæmdir á árinu. Í fundarlok verður fjallað um breytt samskipti við verkkaupa - árangur af gæðastarfi.

RÆÐUMENN:



Reykjavíkurborg
Ingibjörg Sólrún
Gísladóttir
borgarstjóri



Framkvæmdasýsla
ríkisins
Jóhanna Hansen
staðg. forstjóra



Siglingastofnun
Gísli Viggóson
forstöðumaður
hafnarsviðs



Landsvirkjun
Agnar Olsen
fr.kv.stj. verkfræði-
og framkv.sviðs



Vegagerð ríkisins
Rögnvaldur
Gunnarsson
forst.m. framkv.d.



Háfell ehf.
Eyjólfur Bjarnason
aðst.framkv.stj.



Fundarstjóri
Sveinn Hannesson
framkvæmdastjóri
Samtaka iðnaðarins

Samtök iðnaðarins hvetja félagsmenn til að koma og taka þátt í umræðum um framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga á næstu misserum. Þingið er öllum opið.

Staður: **Hótel Loftleiðir, Þingsalur-1**

Stund: **Föstudagur 26. janúar**



Tími: **Frá 13 til 16**

Kaffi og léttar veitingar fyrir fundargesti.

**FÉLAG VINNU-
VÉLAEIGENDA**

 **SAMTÖK
IÐNAÐARINS**

Hallveigarstíg 1 | 101 Reykjavík | Sími 511 5555 | Fax 511 5566 | www.si.is



Veldur hver á heldur

Það er í verkahring samkeppnisyfirvalda að tryggja heilbrigða samkeppni á grundvelli samkeppnislaga og sjá til þess að fyrirtækin virði settar leikreglur. Það er hins vegar ekki þeirra hlutverk að stjórna því á hvern hátt atvinnulífið þróast. Stjórnendur og eigendur fyrirtækjanna eiga að ráða hvort og hvernig fyrirtæki kaupa eða selja hvert annað, renna saman eða klofna. Hitt er líka jafn ljóst að markaðsráðandi fyrirtæki eiga að vera undir sérstöku eftirliti samkeppnisyfirvalda.

VONBRIGÐI

Það voru mikil vonbrigði fyrir Samtök iðnaðarins þegar samkeppnisráð ákvað að ógilda kaup Prentsmiðjunnar Odda hf. á Steindórsprenti-Gutenberg ehf. Niðurstaðan bendir eindregið til þess að samkeppnisyfirvöld telji betra að tryggja samkeppni með því að stjórna þróun atvinnulífsins en að hafa eftirlit með því að samkeppnisreglum sé fylgt. Það er miður. Endanleg niðurstaða þessa máls getur haft víðtæk áhrif á iðnaðinn og allt íslenskt atvinnulíf og hindrað nauðsynlega hagræðingu og samruna fyrirtækja. Þess vegna láta Samtök iðnaðarins sig málíð varða og geta ekki setið aðgerðarlaus hjá. Rétt er að minna á að um 60

fyrirtæki í blaða- og prentiðnaði eiga aðild að Samtökunum, þar á meðal öll helstu fyrirtækin í greininni.

NÝTT ÚRRÆÐI

Samkeppnisyfirvöldum var fengið aukið vald til að takast á við markaðsráðandi fyrirtæki með lagabreytingum sem tóku gildi í desember sl., m.a. vegna þrýstings frá Samtökum iðnaðarins. Misnotkun markaðsráðandi stöðu hefur ekki fyrr verið bönnuð með afdráttarlausum hætti í íslenskum lögum og því hafa samkeppnisyfirvöld ný og virk úrræði til þess að þvinga þau fyrirtæki sem það gera til þess að láta af þeirri háttsemi með banni, fyrirælu eða tilteknum skilyrðum. Samkeppnisráð getur líka með ákvörðunum sínum hlutast til um verð og viðskiptakjör einstakra fyrirtækja eða fyrirtækjahópa enda verði ekki með öðru móti komið í veg fyrir skaðleg áhrif á samkeppni.

BANN VIÐ SAMRUNA

Samtök iðnaðarins hafa alla tíð haldið því fram að ekki væri skynsamlegt að veita samkeppnisyfirvöldum heimildir til þess að ógilda samruna/yfirtöku fyrirtækja. Engu að síður er í samkeppnislögum ákvæði sem heimil- ar samkeppnisyfirvöldum að banna fyrirtækjum að sameinast. Það er hliðstætt því sem tíðkast í öðrum löndum. Sá mikilvægi munur er þó á að á Íslandi er miðað við einn milljarð íslenskra króna í sameiginlega veltu fyrirtækjanna til þess að afskipti yfirvalda komi til greina en 40 milljarða í Danmörku og 36 milljarða í Svíþjóð og þá þurfa a.m.k. tvö fyrirtækjanna að velta a.m.k. 50 milljónum íslenskra króna á Íslandi, rúmum þremur milljörðum í Danmörku og 900 milljónum í Svíþjóð. Hér er því ólíku saman að jafna. Danir hafa aldrei beitt sinni heimild. Svíar hafa á síðustu fimm árum sótt þrjú mál fyrir dómstólum til þess að banna samruna og náði bann fram að ganga í

tveimur tilvikum. Á síðustu 10 árum hefur framkvæmdastjórn ESB aðeins gripið 13 sinnum til þess ráðs að banna samruna. Þetta sýnir að hvarvetna er lítið á bannið sem neyðarúr- ræði. Því er ekki að heilsa hér. Í málum Myllunnar, Odda og ríkisbankanna grípur samkeppnisráð til sleggjunnar þar sem hamar hefði dugað.

VIRÐBRÖGÐ MARKAÐARINS

Það er ómögulegt að skilja hvernig samkeppnisráð metur hvað gerist við samruna og áhrif hans á markaðinn og samkeppni. Í Oddamálinu er því slegið föstu að innlendir og erlendir keppinautar muni eða geti ekki brugðist við. Líka er slegið föstu að kaupendur muni eða geti ekki brugðist við samrunanum og þess vegna geti Odda- samsteypan hagað sér óháð keppinautum og viðskiptavinum. Tímarita- og bókaútgáfa er á örfárra höndum og stærsta einstaka prentverkið, síma- skráin, er á einni hendi. Það mætti heita sérkennilegt ef þessir aðilar brygðust ekki við ef Odda- samsteypan tæki að haga sér óháð þessum viðskiptavinum sínum. Til þess hafa þeir alla burði og tækifæri.

Það er eins og samkeppnisráð hafi alveg gleymt fullyrðingum sínum þegar það vildi banna sameiningu Myllunnar og Samsölubakarís. Þar var alveg það sama uppi á teningnum. Full- yrt var fullum fetum að markaðurinn gæti ekki og myndi ekki bregðast við sameiningunni og samkeppnin væri fyrir bí. Á daginn kom hins vegar að markaðurinn brást við. Nýtt verk- smiðjubakarí var reist á mettíma og bakar nú brauð í samkeppni við Mylluna-Brauð. Í málatilbúnaði samkeppn- isráðs stendur því ekki steinn yfir steini.

Þessi atburðarás sýnir einmitt í hnotskurn að samkeppnisyfirvöld eiga ekki og geta ekki stjórnað uppbygg- ingu atvinnulífsins. Það er ekki þeirra hlutverk og getur aldrei leitt til góðs fyrir einn né neinn.

Jón Steindór Valdimarsson



SAMTÖK
IÐNAÐARINS
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
01. tbl. Janúar 2001
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 15.01. 2001
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450,
121 Reykjavík
Sími: 511 5555, fax: 511 5566
Kennitala 511093-2019
www.si.is, e-mail: thora@si.is/thorak@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjóri og umbrot/setning: Þóra Ólafsdóttir
Efnisstjóri og málfarsráðunautur: Þóra Kristín Jónsdóttir
Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.



Leitað langt yfir skammt

Kostnaður af smíði nýs hafrannsóknaskips fer 255 milljónir fram úr áætlun

„Stjórn Málms - samtaka fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði lýsir yfir ánægju með að tekist hefur að upplýsa á Alþingi hver raunverulegur kostnaður er þegar orðinn vegna smíði og endursmíði hins nýja hafrannsóknaskips. Með því er staðfestur sá grunur að ekki hafi allt verið með felldu um þessa framkvæmd og enn sér ekki fyrir endann á þeirri raunasögu.

Stjórnin telur að með því að fela hinni chilensku skipasmíðastöð að annast smíði skipsins hafi þeir, sem það ákváðu fyrir hönd ríkisins, tekið mikla áhættu. Fagurgali sölumanna um að þetta fyrirtæki gæti smíðað skipið eins og til var ætlast reyndist orðin tóm eins og sannast á því að þegar er búið að endurvinna verkið fyrir tugi milljóna króna eftir að skipið kom til landsins og mikið verk óunnið.

Stjórn Málms furðar sig á að Hafrannsóknastofnun skuli í umræddu svari gefa sér að viðbætur utan til-

Ályktun stjórnar Málms 17. janúar 2001

boðs, að fjárhæð tæpar 432 milljónir króna, hefðu orðið nákvæmlega þær sömu hjá Slippstöðinni hf. (nú Stáltak hf.) ef það fyrirtæki hefði fengið verkið. Í viðbótunum er t.a.m. tilgreindur kostnaðarliður sem nemur hálfu þriðja hundraði milljóna króna (rafbúnaður) og honum bætt óbreyttum við tilboð Slippstöðvarinnar án þess að starfsmenn fyrirtækisins hafi nokkrar upplýsingar um hvað þar liggur að baki. Hér er því um órökstuddar tilgátur að ræða og niðurstaðan því með öllu ómarktæk.

Stjórn Málms mótmælir þeirri fullyrðingu forstjóra Hafrannsóknastofnunarinnar að verkið hafi staðist áætlun. Þegar samningar voru undirritaðir í febrúar 1998 var sagt að heildarverð skipsins yrði 1,5 milljarðar króna. Nú er talað um að skipið hafi kostað 1,7

milljarða en þá er ekki meðtalin kostnaður af viðgerðum og lagfæringum sem nemur a.m.k. 55 milljónum króna. Það er því ljóst að verkið hefur farið a.m.k. 255 milljónir króna fram úr upphaflegri áætlun. Enda þótt hluti þessarar fjárhæðar stafi af viðbótum, sem ákveðnar voru á smíðatíma, hefur ekki verið sýnt fram á að hún nemi þessari gríðarlegu fjárhæð.

Af þessari dapurlegu reynslu geta allir dregið nokkurn lærdóm. Kaupendum skipa ætti nú að vera ljóst að ekki er allt fengið með lágsta verði við undirskrift smíðasamninga og hverfa síðan á ókunnar slóðir. Hið opinbera þarf að vanda vel til útboða og gæta þess að taka ávallt hagstæðasta tilboði og stuðla jafnframt að því að byggja upp atvinnulíf hér á landi án þess að brjóta í bága við alþjóðasambykktir sem Ísland er aðili að.“

Véla- og tækjasýningin Euro-Blech



Bjarni Sigurðsson og Helgi Halldórsson úr Formax hf.



Bjarmundur Björgvinsson og Helgi Gústafsson frá Glófaxa hf.



Sigtryggur Páll Sigtryggsson úr Blikkás hf.



Valdimar Þorsteinsson og Willy Petersen frá Blikksmiðnum hf.

Í síðasta mánuði efndu Samtök iðnaðarins til hópferðar á véla- og tækjasýninguna Euro-Blech í Hannover í Þýskalandi. Á sýningu þessari er jafnan að finna fjölbreytt úrval véla og tækja fyrir fínsmíði úr hvers konar málmum og blikksmiðja.

Ekki er ofmælt að Euro-Blech sýningin er í allra fremstu röð á sínu sviði enda var reynslan nú, eins og endranær, að menn festu kaup á fjölbreyttum vélum og tækjum, allt frá handverkfærum til viðamikilla og tölvustýrðra véla. Slíkar vélar má nú sjá í vaxandi mæli í smíðjum hér á landi og ljóst að með þeim hafa heilu greinarnar innan málmiðnaðarins tekið mikið tæknistökk á tiltölulega skömmum tíma. Nægir að nefna tölvustýrðar skurðar- og beygjuvélar (CAD-CAM), klippur og lokka í blikksmiðjum og smíðjum sem smíða úr ryðfríu efni. Allar stuðla þessar vélar að betri nýtingu á efni, meiri gæðum í smíði og aukinni framleiðni.

Á myndunum sjást nokkrir þeirra sem sóttu sýninguna og ýmsar „freistingar“ sem urðu á vegi þeirra.

Formax hf. hlýtur viðurkenningu



Málmur - samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði og Félag járníðnaðarmanna hafa tekið höndum saman um að veita árlega viðurkenningu fyrirtæki í málmíðnaði sem skarar fram úr hvað varðar góða umgengni, útlit og aðstöðu fyrir starfsmenn og er Formax hf. fyrsta fyrirtækið sem er heiðrað með þessum hætti. Bjarni Sigurðsson, forstjóri og Grímur Guðmundsson, trúnaðarmaður starfsmanna, veittu viðurkenningunni viðtöku fyrir hönd fyrirtækisins.

Örn Friðriksson, formaður Félags járníðnaðarmanna, hafði orð fyrir fé-

„Allur aðbúnaður til fyrirmyndar“

lögnum og sagði m.a. að litíð væri á gott vinnuskipulag og aðbúnað sem hluta af lífskjörum starfsmanna og jafnframt arðbæra fjárfestingu sem



F.v. Ingólfur Sverrisson, Bjarni Sigurðsson, Grímur Guðmundsson og Örn Friðriksson

m.a. skilaði sér í betri liðan starfsmanna og bættri nýtingu efnis, tækja, vinnutíma, vöru og þjónustu. Góðar starfsaðstæður væru einnig mikilvægur þáttur í þróun starfsgreinarinnar, sjálfsmýnd starfsmanna og ímynd fyrirtækja. Að höfðu samráði við fulltrúa

Vinnueftirlits ríkisins hefði það verið einróma niðurstaða dómnefndar að Formax væri mjög vel að þessari fyrstu viðurkenningu félaganna komið. Það hefði verið sameiginlegt verkefni stjórnenda og starfsmanna Formax hf. að hafa gott húshald á vinnustaðnum og auka þannig öryggi starfsmanna, virðisauka fyrirtækisins og jákvæða ímynd greinarinnar. Fyrirtækið væri líka í fremstu röð í þróun og smíði á vélum og tækjum til matvælavinnslu og beitti nýjustu tækni í allri starfsemi sinni.

Dómnefndin telur telur Formax hf. því vel að því komið að hljóta viðurkenninguna fyrst fyrirtækja og félögin, sem að henni standa, vilja þannig vekja athygli á því sem vel er gert og hvetja önnur fyrirtæki í greininni til að huga vel að þessum mikilvæga þætti í rekstrinum. Með viðurkenningunni er ennfremur vakin athygli ungs fólks á því að í málmíðnaðinum eru mörg áhugaverð tækifæri og fyrirtæki sem bjóða góða aðstöðu og tæknilega krefjandi störf.

Þóra Kristín Jónsdóttir

www.ut.is

Þjónusta við fyrirtæki í upplýsingatækniiðnaði

Á vef upplýsingatækniiðnaðar www.ut.is, sem er helsti upplýsingamiðill SÍH, stafsgreinahóps í upplýsingatækniiðnaði, er að finna ýmsar upplýsingar um upplýsingatækniiðnaðinn og þá þjónustu sem stendur fyrir fyrirtækjunum til boða hjá Samtökum iðnaðarins.

Þar er m.a. að finna skilgreiningu á iðnaðinum, tölfræði og niðurstöður úr vinnu við stefnumótun og framtíðarsýn greinarinnar auk ýmissa fréttar tengjast starfsemi hópsins og innan fyrirtækjanna sjálfra.

Á lokuðum hluta vefsins er m.a. að finna fundargerðir stjórnarfunda SÍH, umsagnir um lagafrumvörp og ýmis erindi sem borist hafa starfsgreinahópnum, niðurstöður ýmissa kannana meðal aðildarfyrirtækja, s.s. launakannanir og könnun á útseldum taxta. Einnig er þar að finna ýmis form fyrir upplýsingatæknifyrirtæki, s.s. fyrirmyndir að ráðningarsamningum, valréttarsamningum og útboðsskilmálum og form til að skrá inn innlegg í umræðu ýmissa málefna og verkefna á vegum starfsgreinahópsins.

Guðmundur Ásmundsson



Hvað er til ráða og hver á að ráða?

Er ekki orðið tímabært að stjórnvöld komi málefnum byggingariðnaðarins undir einn hatt? Eins og nú er háttað heyra þau bæði undir iðnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti en auk þeirra koma aðrir aðilar við sögu greinarinnar svo sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Staðlaráð. Þetta fyrirkomulag gerir öllum sem vinna í byggingariðnaði ákafleg erfitt fyrir. Það er löngu tímabært að koma þessum málum í viðunandi horf enda er byggingariðnaðurinn ein stærsta atvinnugreinin hér á landi.

Eins og fram kom í grein eftir Þóru Kristínu Jónsdóttur í 12. tbl. Íslensks iðnaðar hafa byggingafulltrúar túlkað byggingareglugerð með ýmsum hætti en það á að nokkru leyti rætur að rekja til þeirra aðstæðna sem þeir þurfa að búa við. Svo virðist sem samræmdar vinnureglur séu ekki fyrir hendi og á því þarf að ráða bót sem allra fyrst. Sökin er e.t.v. líka að einhverju leyti byggingafulltrúanna sjálfra þar eð þeir virðast ekki hafa samræmt störf sín. Þetta ástand er með öllu óviðunandi fyrir þá sem eiga að starfa eftir lögum og reglum og ekki síst nú þegar landslöggingling hefur verið innleidd og byggingaraðilar geta unnið hvar sem er á landinu. Svo er að sjá sem sumir byggingafulltrúar telji sig vera yfir aðra hafnir og geti túlkað lög og reglugerðir að eigin geðþótta. Til að mynda hafa húsbyggjendur kvartað undan því að fá verk sín seint og illa tekin út í Reykjavík. Þeir hafa

þó ekki treyst sér til að tjá sig opinberlega af ótta við að byggingafulltrúinn í Reykjavík geri þeim lífið leitt fyrir vikið. Sé þetta raunin er það ekki sá vinnuandi eða vinnuumhverfi sem menn eiga að búa við.

Af þessu má sjá að full þörf er á að stjórnvöld láti til sín taka og komi málefnum byggingariðnaðarins undir eitt ráðuneyti og að þau verði alfarið á könnu iðnaðarráðuneytisins enda virðist umhverfisráðuneytið ekki hafa mikinn áhuga á málefnum byggingariðnaðarins. Það myndi auðvelda mjög þeim sem starfa í greininni að þurfa aðeins að leita til eins ráðuneytis með mál sem varða lög, reglur, staðla og vottanir en allt þetta gæti verið í betra horfi en nú er raunin. Enginn virðist t.d. vilja taka ábyrgð á að koma á vinnureglum fyrir Rb um vottunarferli fyrir lagnaefni. Úr slíku máli gæti t.d. byggingadeild innan iðnaðarráðuneytis leyst. Hún gæti sömuleiðis skorið úr um ágreiningsmál sem upp koma vegna túlkana byggingafulltrúa, a.m.k. um þau mál sem ekki þyrfti að vísa til dómstóla. Varðandi mismunandi túlkun byggingafulltrúa á byggingareglugerð gilda væntanlega sömu lög í þeim efnum hvar sem er á landinu.

Það er síst til að bæta ástandið í þessum efnum að nú eigum við að vinna eftir hinum margvíslegu stöðlum sem flæða frá Evrópusambandinu hingað til lands. Eins og al-kunna er hafa stjórnvöld lýst því yfir að við séum ekki á leið inn í Evrópusambandið en það breytir ekki því að við verðum að vinna eftir þeim reglum

sem þar hafa verið settar. Staðlarnir eru hins vegar samdir suður í Evrópu en eins og sakir standa er enginn innlendum aðili sem er til þess bær að votta þá staðla hvað þá að við fáum tækifæri til að taka þátt í að semja þá. Sum íslensk framleiðslufyrirtæki hafa þó þegar hafið undirbúning að því að CE-merkja vöru sína. Ef það er stefna stjórnvalda að við tökum bara upp það sem aðrir ákveða og höfum engin áhrif á slíkar ákvarðanir þá erum við á rangri braut að mínu mati. Ef við tökum lagnaefni sem dæmi þá eru hér á landi á ýmsan hátt sérstakar aðstæður vegna efnasambanda vatnsins og notkunar jarðhita. Lagnaefni okkar þarf því að standast aðrar kröfur en hjá nágrönnum okkar í Evrópu.

Á fyrstu dögum nýrrar aldar ætlar umhverfisráðuneytið að setja á laggirnar nefnd sem fær það vandasama hlutverk að endurskoða skipulags- og byggingalögin. Þetta gefur okkur, sem tengjumst byggingageiranum og þá sérstaklega Samtökum iðnaðarins, tækifæri til að koma að tillögum um breytingar á núverandi lögum. Ég vil því hvetja alla þá sem málið er skylt að koma tillögum sínum á framfæri.

Starfsgreinahópur byggingageirans fjallar nú um skipulags- og byggingalögin og heldur fund í hádeginu annan þriðjudag hvers mánaðar. Þeir félagsmenn, sem vettlingi geta valdið, eru hvattir til að sækja þessa fundi og taka þátt í starfseminni en fundirnir eru opnir öllum félagsmönnum SI.


Guðmundur Þór Sigurðsson



Eflum íslenskt

Aðalstræti 6, sími 580-0900

SAMTÖK IÐNAÐARINS www.si.is, www.idnadur.is





Íslenskur iðnaður á mótum árpúsunda

Hvaða augum líta formaður Samtakanna og stjórnendur nokkurra iðnfyrirtækja stöðu og horfur í íslenskum iðnaði á þessum tímamótum?



Vilmondur Jósefsson, formaður Samtaka iðnaðarins

Árið 2000 var íslenskum iðnaði á margan hátt óhagstætt. Lýsti það sér einkum í versnandi stöðu samkeppnis- og útflutningsgreina. Samtök iðnaðarins hafa undanfarin ár varað við þenslu, viðskiptahalla og verðbólgu. Á síðastliðnu ári stóð iðnaðurinn í svipuðum sporum og svo oft áður. Verðbólgupúkin fitnaði en stjórnvöld brugðust eingöngu við vandanum með síendurteknum vaxtahækkunum sem auka kostnað innlendra fyrirtækja og heimila og skerða samkeppnisstöðuna. Alþjóðlegur samanburður sýnir að við stöndumst ekki samanburð við þær þjóðir sem við viljum helst bera okkur saman við, keppa og versla við. Vaxtamunur inn- og útlána er t.d. óvída meiri en hér á landi, þjóðhagslegur sparnaður allt of lítill og gengisskráning hefur verið afar óhagstæð útflutningi.

Nýjasta dæmið um erfiða stöðu íslenskra samkeppnisgreina er útboð á viðhaldi tveggja varðskipa. Greinilegt er að nú blasir við atvinnuleysi í íslenskum skipa- og málmiðnaði ef ekkert verður að gert. Með tilliti til þessara staðreynda ber íslenskum stjórnvöldum að leggja allt kapp á að nýtt varðskip verði smíðað hér innanlands.

Samkeppnisfyrirvöld hafa á undanförunum misserum gengið hart fram gegn fyrirtækjum sem hafa ákveðið að sameinast. Rétt fyrir áramótin bannaði Samkeppnisstofnun kaup Prentsmiðjunnar Oddahf. á Gutenberg-Steindórsprenti ehf. Þessi afstaða Samkeppnisstofnunar vekur furðu. Það er hvorki í verkahring samkeppnisfyrivalda að stjórna stærð fyr-

irtækja né að stjórna þróun atvinnulífsins. Hlutverk samkeppnisfyrivalda er að tryggja heilbrigða samkeppni og sjá til þess að fyrirtækin virði settar leikreglur.

Þrátt fyrir allt er nokkur ástæða til bjartsýni nú í byrjun árs því að ýmis jákvæð teikn eru á lofti. Olíuverð lækkaði um áramótin, dregið hefur úr þenslu í hagkerfinu og spáð er minnkandi verðbólgu. Með tilliti til þessa verður að gera þá kröfu til Seðlabankans að vextir verði lækkaðir á næstu vikum.

Ég óska öllum félagsmönnum Samtaka iðnaðarins góðs gengis.



Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands

Á liðnu ári urðu meiri breytingar og samþjöppun í slátrun og úrvinnslu kjötvara en áður

eru dæmi um hér á landi. Eftir þessar breytingar er slátrun og úrvinnsla að stærstum hluta komin í hendur fimm fyrirtækja. Þessi þróun er löngu tímaþær og nauðsynleg til að mæta breytingum ytri aðstæðum. Samþjöppun í smásölu hefur leitt til þess að þrjár aðilar eru með 80-85% af smásölumarkaði en það kallaði á samruna á framleiðendahlíð. Það er jákvætt að smásalar hafa dregið sig úr rekstri eigin framleiðslufyrirtækja og skýr verkskipting orðin milli smásölu- og heildsölustigs á framleiðsluvörum.

Yfirvofandi innflutningur og skortur á vinnuafli innanlands hefur einnig verið áhrifaþáttur í þessari þróun. Síðustu vikur hafa komið fram upplýsingar sem styðja strangar reglur sem gilt hafa um innflutning kjötvara til Íslands. Það er mikils virði að verja

hreinleika innlendra afurða og má sjá vítin á meginlandi Evrópu þessa dagana þar sem kjötiðnaður hrynur vegna hræðslu neytenda við kúariðu í nautgripum.

Þensla á innlendum vinnumarkaði hefur staðið í 4-5 ár og hófst mun fyrr en ráðamenn þjóðarinnar virtust átta sig á. Allt of seint var gripið í taumana og virðast Íslendingar seint ætla að gera sér ljóst að sigandi lukka er mun farsælli en að brenna kertið í báða enda. Framleiðslufyrirtæki hafa mörg hver þurft að flytja inn starfsfólk til að halda hjólunum gangandi sem getur vart talist framtíðarstefna. Auk þess hefur þenslan flýtt allri vélvæðingu sem sparar vinnuafli. Hætt er við að framundan sé niðursveifla efnahagslífsins nema ráðist verði í auknar framkvæmdir við virkjanir eða stór-iðju fyrir lánsfé.

Sífelld meiri álögur leggjast á fyrirtæki í slátrun og kjötvinnslu vegna umhverfissjónarmiða og nýrra krafna um ráðstöfun ýmiss úrgangs. Þau sjónarmið, sem að baki búa, eiga rétt á sér en auka hratt kostnað sem neytandinn mun að lokum greiða fyrir í vöruverði. Einnig má nefna að eftirlitsiðnaðurinn blómstar sem aldrei fyrr og virðist ekki þurfa að sæta sama aðhaldi og margir aðrir í samkeppnisrekstri og leggur sífelld þyngri byrðar á fyrirtækin. Þessar kostnaðarhækkunarir auk hækkana ýmissa annarra rekstrarþátta og launaskrið vegna þenslu, sem enn gætir, reyna mjög á afkomu fyrirtækja. Fyrirséð er að svigrúm innan fyrirtækja til að mæta slíkum hækkunum er uppuríð og verðlag mun hækka

Verkefni ársins 2001 verður að standa fast í ístöðin og endurbæta rekstur eins og framast er unnt til að varðveita stöðugleikann sem mestu máli skiptir fyrir fyrirtæki og einstaklinga.



**Þorgeir Jósefsson,
framkvæmdastjóri
Þorgeirs & Ellerts
hf. og Skagans hf.**

Þegar hugleidd er staða og horfur í þeirri grein iðnaðarins, sem maður starfar sjálfur í, er nærtækast að byrja á því að líta sér næst. Undirritaður er framkvæmdastjóri í tveimur málmíðnaðarfyrirtækjum á Akranesi, annars vegar Þorgeiri & Ellert hf., sem er í „svarta“ járninu og sinnir skipaviðhaldi, þjónustu við stóriðjuna og almennri málmsmíði en hins vegar hjá Skaganum hf. sem er í hönnun, þróun og framleiðslu á ryðfríum vinnslubúnaði fyrir matvælaíðnaðinn.

Síðastliðið ár var þokkalegt hjá báðum þessum fyrirtækjum. Verkefni voru næg allt árið og fkomana sæmleg. Nálægðin við Grundartanga skiptir Þorgeir & Ellert miklu máli ásamt því að slípptökur voru fleiri á síðasta ári en undanfarin ár. Allt árið var mjög mikið um að vera hjá Skaganum hf. í tengslum við alls konar fiskvinnslubúnað, bæði fyrir land og sjóvinnslu. Hæst ber þar framleiðslu og sölu fyrstu tveggja lausfrystanna frá fyrirtækinu sem byggjast á nýrri einkaleyfisverndaðri tækni.

Hvað varðar það ár, sem nýlega er gengið í garð, verður ekki annað séð en að verkefnastaða Þorgeirs & Ellerts hf. sé tryggð fram á haustið vegna stækkunar Norðuráls hf. og annarra verkefna sem þegar liggja fyrir. Hjá Skaganum hf. er útlitið svipað. Töluvert af verkefnum er þegar komið inn og mjög mörg og stór verkefni eru í pípunum.

Hins vegar valda sífelldar kostnaðarhækkningar í starfsumhverfinu miklum ugg öllum sem starfa í málmíðnaði og þar gengur hið opinbera hvað vasklegast fram. Aukin verðbólga og hátt gengi eru hættumerki fyrir fyrirtæki eins og Skagann hf. sem stundar töluverðan útflutning. Nauðsynlegt er að auka aðhald í opinberum rekstri til að betri tók náist á verðbólgunni.

Ekki er hægt að láta þessum pistli lokið án þess að nefna stóra málið í skipaiðnaðinum. Fyrir rúmum tveimur árum sameinuðust fyrirtæki í

skipaiðnaðinum um að stofna sérstakt fyrirtæki sem ætlað var að takast á við smíði varðsksips fyrir íslenska ríkið. Fyrir lá að skipið skyldi smíðað og hástemmdar yfirlýsingar þáverandi dómsmálaráðherra um að „skipið verður smíðað á Íslandi“ gerðu það að verkum að menn trúðu því að þetta yrði að veruleika. Síðan þá hafa embættismenn þvælst fyrir málinu undir gunnfána Evrópusambandsins og afleiðingin er sú að enn hefur ekkert verið ákveðið um smíði þessa varðsksips. Ég vil því nota þetta tækifæri til að skora á ráðherra íslensku ríkisstjórnarinnar að láta hendur standa fram úr ermum í þessu stórmáli málmíðnaðrins á Íslandi og tryggja að unnt verði að hefja undirbúning verksins sem fyrst á þessu ári.

Dofri Eysteinnsson, framkvæmdastjóri Suðurverks

Undanfarin ár hefur afkoma jarðvinnuverktaka verið ólík afkomu annarra starfsgreina. Allt frá því að rofaði til eftir síðustu kreppu hafa fyrirtæki í almennri mannvirkjagerð heldur verið að bæta afkomu sína enda er það í hæsta máta eðlilegt að fyrirtæki noti góðærið og byggji sig upp og undirbúi að mæta næstu niðursveiflu.

Á jarðvinnumarkaði hafa aðstæður hins vegar ekki ennþá leyft slíkt uppbyggingarstarf og eru þau fyrirtæki mörg hver síst betur haldin nú en þau voru fyrir fimm árum. - Ekki bætti úr skák að yfir þau dundu kostnaðarhækkningar á árinu sem leið og þá sérstaklega verðhækkningar á olíu sem er mjög stór þáttur í rekstrinum. Einnig hefur almennur tilkostnaður hækkað mikið og er nánast sama hvar borið er niður í rekstri jarðvinnufyrirtækja allt hefur hækkað í verði þ.á.m. tryggingar og ábyrgðartrygging öikumanna ein og sér um 30% seinni hluta sumars. Aðrir þættir trygginga hafa einnig hækkað verulega í verði.

Jarðvinnuverktakar hafa ekki farið varhluta af launaskriði og nema hækkningar frá sumrinu 1999 til síðasta sumars 20 til 30 af hundraði. Af samkeppnisástæðum hefur þessum aukna kostnaði ekki enn verið velt út í verð-

lag og er verð á jarðvinnuverkum töluvert undir væntingum kaupenda eins og þær birtast í kostnaðaráætlunum.

Jarðvinnuverktakar búa ennþá við það úrelta fyrirkomulag að gerðir eru sérstakir og öðruvísi kjarasamningar vegna vinnu við virkjanaframkvæmdir. Í nútímasamfélagi, þar sem frjáls samkeppni ríkir og verðlag er ekki miðstýrt heldur látið ráðast af framboði og eftirspurn, er alsendis ónauðsynlegt að gera sérstaka kjarasamninga vegna virkjanaframkvæmda. Grunnkjör þeirra, sem við þær framkvæmdir starfa, eiga að vera þau sömu og annarra en samkeppni um vinnuaflið sér hins vegar til þess að atvinnurekendur gera betur við þá í fæði, aðbúnaði og launum en aðra.

Það ár, sem nú er nýhafið, lofar góðu hvað varðar verkefnaframboð. Töluverðar framkvæmdir eru fyrirhugaðar bæði í vega- og hafnargerð. Hæpið er að gera ráð fyrir breytingum á verðlagi því að atvinnugreinin hefur fjárfest það mikið í nýjum tækjum og búnaði á síðastliðnum tveimur árum. Sennilega mun nú hægja á þeirri endurnýjun og þá mun markaðurinn leita jafnvægis á ný.

- Ganga jarðvinnuverktakar keikir til leiks á nýju ári.



**Sverrir D. Hauksson,
framkvæmdastjóri
Prentsmiðjunnar
Grafik**

Tækni í prentverki hefur tekið miklum breytingum á síðastliðnum árum. Þeir sem byrjuðu í prentverki fyrir 30 árum muna eftir lausaletri og setningu í blýi og hæðarprentun.

Offsetprentun var byrjuð á þessum árum en mikil framþróun hefur orðið í þeirri tækni sem þar er notuð.

Fyrirtækin, sem nú eru í fremstu röð, hafa þurft að fjárfesta mikið og

framhald bls. 8



fylgjast vel með nýjustu tæki sem aftur hefur leitt til hagræðingar innan fyrirtækjanna.

Nú er ekki nægjanlegt að vera með góð tæki og tól, fyrirtækin þurfa einnig að veita góða þjónustu. Fyrirtæki, sem sinna þjónustuhlutverki sínu vel en líta ekki eingöngu á sig sem framleiðslufyrirtæki, eiga möguleika á að dafna í framtíðinni.

Prentfyrirtæki taka á móti gögnum á ýmsum formum og þau hafa þurft að laga sig að ýmiss konar forritum. Þau sem laga sig að þessum breyttu aðstæðum hafa þróast í það að geta veitt fjölbreyttari þjónustu en áður.

Stafræn prentun hófst á Íslandi árið 1997 en þar er hægt að veita gott verð og góða þjónustu í minni verkum. Einnig er sú þjónusta hentug fyrir verslanir og þá staði sem þurfa á merkingum að halda.

Fyrirtækjum í iðnaði á eftir að fækka á komandi árum en þau sem eftir verða munu stækka því að við erum í samkeppni við þróuð fyrirtæki í útlöndum sem geta sérhæft sig í krafti stærðar og þar með stærri markaðssvæða. Leiðin til þess að flytja prentverk inn til Íslands verður sífellt greiðari en einnig má segja að fjarlægðir milli landa séu alltaf að stytta og erlend fyrirtæki eiga því létt með að veita okkur mikla samkeppni.

Fyrirtæki, sem eru lítil vexti og ætla að sinna þjónustu í fjölbreyttu prentverki, munu að öllum líkindum eiga erfitt uppdráttar í þessari hörðu samkeppni.



**Willy Petersen,
Blikksmiðurinn hf.**

Verkefnastaða fyrirtækisins hefur verið mjög góð allt síðastliðið ár og í mörgu að snúast. Verkefni okkar hafa verið um allt land. Við vinnum þar sem verkefni eru og smíðum allt það sem viðskiptavinir okkar fela okkur en erum þó mest í loftræstingarkerfum en slíkum verkefnum fer fjölgandi. Við sjáum um allan verkþáttinn, þ.e. gerum verðtilboð sem fela í sér allt það

sem að loftræstingu snýr allt frá verðtilboði í kerfið til handbókar um loftræstinguna að verki loknu. Afkoma blikksmiðja var ágæt á síðasta ári og framundan virðast vera næg verkefni, a.m.k út þetta ár. Við finnum þó jafnan fyrir því hvað markaður okkar er lítill og sveiflurnar miklar í atvinnulífinu.

Miklar breytingar hafa orðið í blikksmiðagreininni á undanförunum árum. Innflutningur hefur verið mikill og greinin þess vegna í mikilli samkeppni sem er þó ekki að öllu leyti slæmt.

Við getum smíðað margt af því sem verið er að flytja inn. Útlit og gæði standa því innflutta síst að baki en verðið er svipað og stundum betra. Blikksmiðjur eru nokkuð vel staddar hvað vélakost varðar enda mikill véla-

kostur verið endurnýjaður til að mæta harðnandi samkeppni.

Nýr vélakostur kallar á nýja starfshætti og margt af því sem áður var smíðað á vinnuborðinu kemur nú næstum tilbúið til uppsetningar úr vélunum. Því hefur hlutfall þeirrar vinnu, sem unnin er inni í smíðjunum, minnkað og uppsetningarþátturinn aukist frá því sem áður var. Ég tel að góð menntun blikksmiða skipti miklu máli en þess verður að gæta vel að halda gamla handverkinu í heiðri og sjá til þess að það tynist ekki niður. Ég tel því nauðsynlegt að blikksmiðanemar fái að kynnast handverkinu eins og það var og taki því næst til við að læra á þær vélar sem smátt og smátt leysa handverkið af hólmi.

Nýr hagfræðingur tekinn til starfa



Þorsteinn Þorgeirsson er tekinn til starfa sem hagfræðingur SI. Þorsteinn mun fylgjast með starfsskilyrðum iðnaðarins, eins og þau mótast af stöðu og horfum í efnahagsmálum, með sérstöku tilliti til efnahagsstjórnunar svo og kerfisbundnum þáttum eins og skattkerfinu, EES samningnum og myntsamrunanum í Evrópu.

Þorsteinn kemur frá OECD í Paris þar sem hann starfaði sem hagfræðingur á hagfræðideild stofnunarinnar frá 1995. Þorsteinn hefur víðtæka reynslu af að greina og meta efnahagsstöðu og -horfur og skrifaði um Noreg og Finnland í árlegum efnahagsskýrslum OECD og við hálfárslega hagspá stofnunarinnar frá 1995 til 1998. Samhliða því fylgdist hann með endurskipulagningu á vinnu-, vöru- og fjármálamörkuðum í þessum löndum, byggt á stefnumörkunarvinnu OECD. Undanfarin tvö ár starfaði hann á peninga- og fjármálasviði hagfræðideildarinnar við úttekt á áhrifum ólíkra fjármálakerfa á hagvöxt. Frá 1993 starfaði Þorsteinn sem hagfræðingur á hag-

fræðideild EFTA í Genf og sá m.a. um framkvæmdaratriði á ákvæðum um efnahags- og peningamálasamvinnu í EES samningnum. Árin 1991-1992 starfaði Þorsteinn í hagfræðideild Seðlabanka Íslands og frá 1986 við efnahagsráðgjöf hjá stórum iðnfyrirtækjum á vegum DRI/McGraw-Hill í San Francisco.

Eftir stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð sótti Þorsteinn menntun sína til Bandaríkjanna. Hann hefur lokið prófum til doktorsgráðu (honors) við New School for Social Research í New York og er að vinna að doktorsritgerð um „áhrif alþjóðamyntar á hagvöxt.“ M.A. prófi lauk Þorsteinn við Vanderbilt University í Nashville, og fjallaði meistaraþrófsritgerð hans um kenningar og tölfræðilegt mat á gengisþróun á Íslandi. Hann tók B.A. próf við American University í Washington.

Þorsteinn er og kvæntur Ástu Karen Rafnsdóttur og eiga þau þrjú börn.

Hvernig má draga úr raforkukostnaði iðnfyrirtækja

Mörg iðnfyrirtæki eru stórir raforku-notendur og raforkukaup er kostnaður sem skiptir þau töluverðu máli. Fyrirtæki geta gert ýmislegt til að draga úr þessum kostnaði, bæði með því að draga úr orkusóun og með því að laga raforkunotkunina að gjaldskrár orkusöluþingum. Samtök iðnaðarins leituðu til Orkuveitu Reykjavíkur til að leita svara við því hvernig fyrirtæki geta dregið úr rafmagnskostnaði hjá sér.

Orkufyrirtækin gefa fyrirtækjum nokkurt val á töxtum eða skilmálum fyrir orkukaup sem eru mismunandi eftir veitum. Þessir taxtar endurspeglar það notkunarmynstur sem er hagkvæmt fyrir orkufyrirtækin og hvernig þau vildu stýra notkuninni ef þau fengju að ráða. Almenn tæki segja að stærri notendur eigi frekar kost á að lækka raforkuverðið hjá sér með því að laga sig að þessum töxtum en minni notendur. Auk þess má segja að iðnfyrirtæki eigi meiri möguleika á að laga sig að gjaldtöxtum en þjónustufyrirtæki því að þau hafa meiri sveigjaleika til að stýra notkuninni.

TAXTAR

Hér verður gerð örstutt grein fyrir meginatriðum þeirra taxta sem fyrirtæki geta valið á milli. Áður en það er gert er rétt að rifja upp um muninn á orku og afl og skilgreina nýtingartíma þar sem þessi hugtök koma nokkuð við sögu. Maður, sem fer á milli hæða í húsi, notar til þess sömu orku hvort

sem hann gengur upp stigann eða hleypur en aflþörfin er hins vegar mun meiri þegar hann hleypur heldur en þegar hann gengur. Afl er því orka á tímaeiningu. Nýtingartími er síðan skilgreindur sem hlutfallið milli heildar orkunotkunar á tilteknu tímabili, t.d. einu ári og hámarks afls sem notað er á tímabilinu. Nýtingartíminn er hærri hjá fyrirtæki sem hefur jafna notkun allan sólarhringinn og allt árið heldur en hjá fyrirtæki sem notar mikið rafmagn t.d. á daginn en ekkert að næturlagi.

ALMENN NOTKUN

Taxti fyrir fyrirtæki sem kaupa til-tölulega litla raforku. Aðeins er greitt fyrir þá orku sem er keypt en ekkert fyrir afl. Kostnaður er aðeins háður því magni sem keypt er en ekki hvenær rafmagnnið er notað.

AFL OG ORKUNOTKUN

Taxti fyrir stærri raforku-notendur þar sem afl- og orkunotkun er mæld. Hér skiptir mestu máli að notkun raforkunnar sé jöfn yfir daginn og yfir árið, þar sem hluti af gjaldinu er háður afltoppi og nýtingartíma. Auk þess endurspeglar taxtinn að raforkan er ódýrari að sumri en vetri. **Á mynd nr. 1** sést hvernig raforkuverðið breytist með nýtingartíma.

ROFIN NOTKUN

Rafveitan hefur heimild til að rjúfa afhendingu á rafmagnni þann tíma sem álagið í veitukerfinu er mest. Raforku-

verðið á þessum taxta er lægra enda er slík heimild mikilvæg fyrir rafmagnsveituna til að stýra raforkunotkuninni og tryggja hagkvæm kaup á rafmagnni af raforkuframleiðanda. Það er ekki öll starfsemi sem þolir að eiga það á hættu að afhending á rafmagnni sé rofin og þar af leiðandi eru tiltölulega fá fyrirtæki sem geta nýtt sér þennan möguleika.


TÍMAHÁÐ NOTKUN

Sá taxti er í raun útfærsla á rofinni notkun þar sem raforkuafhendingin er ekki rofin á álagstímum heldur er raforkuverðið mishátt eftir því hvenær árs og hvenær dags rafmagnnið er notað. **Á mynd nr. 2** er gefið yfirlit yfir breytileika raforkuverðsins eftir árstíma og tíma dags. Svæði, sem eru merkt sem háverð, endurspeglar tímabil þar sem orkunotkun á veitusvæðinu er mest en svæðin sem merkt eru sem lágverð afmarka tímabil þar sem orkunotkunin er minni. Skilaboðin frá rafveitunni til fyrirtækjanna eru að þau reyni að færa notkun af tímabilum þar sem orkunotkun er mikil yfir á svæði þar sem notkunin er minni.


DÆMI

Skoðum þetta nánar með því að líta á dæmi um tvö fyrirtæki sem við skulum kalla A og B til aðgreiningar. Bæði nota þau jafn mikla raforku en notkunarmynstur þeirra er mismunandi. Myndirnar hér á næstu síðu sýna dægsursveiflu í orkunotkun fyrirtækjanna annars vegar og vikusveiflu hins vegar

Mynd nr. 1




Mynd nr. 2




Dægursveifla

Fyrirtæki A




Fyrirtæki B




Vikusveifla

Fyrirtæki A



Fyrirtæki B



ar. Það að heildarnotkun fyrirtækjanna er sú sama þýðir að flatarmálið undir ferlunum er það sama hjá fyrirtækjum hvort heldur dægur- eða vikumyndirnar eru skoðaðar. Raforkunotkun A er mun ójafnari en hjá fyrirtæki B, þ.e. hún er nánast öll að degi til en lítil utan almenns vinnutíma. Fyrirtæki B er með mun jafnari notkun þó að það sé toppur í raforkunotkuninni að deginum. Talað er um að grunnálag B sé hátt en grunnálag A sé lágt. Ef orkufræk tæki þurfa að vera í gangi allan sólarhringinn verður grunnálagið hátt. Má þar nefna kæla, frystiklefa og loft-ræstingu sem dæmi.

Ef bæði fyrirtækin kaupa raforku samkvæmt afl- og orkunotkun kemur ekki á óvart að raforkukostnaður hjá B er lægri en hjá A. Í raun munar þar tölurverðu eða 19% sem kostnaður hjá fyrirtæki B er lægri en hjá fyrirtæki A. Almennt má segja að ef fyrirtækin geta lækkað toppana með því að með því að dreifa raforkunotkuninni meira, þá lækkar þau raforkukostnaðinn.

Ef bæði fyrirtækin keyptu hins vegar raforku samkvæmt tímaháðri notkun

lækkaði raforkukostnaður hjá fyrirtæki A um 12% en raforkukostnaður hjá fyrirtæki B myndi hækka örlítið eða um 3%. Fyrirtæki A og B eiga fyrirmynd í raunveruleikanum og sýna að það skiptir verulegu máli að fyrirtæki skoði hvaða fyrirkomulag raforku-kaupa hentar því best.

Það er þó ekki nóg að velja réttan taxa til að kaupa rafmagn eftir. Það sem er mikilvægast er að skoða hvernig rafmagnið er notað. Í dæminu hér að framan kom fram að fyrirtæki B var með hærra grunnálag eða hærri nýtingartíma. Meðalraforkuverð hjá fyrirtæki B var því lægra en hjá fyrirtæki A. Það þýðir ekki endilega að raforkunotkun hjá B sé skynsamlegri en hjá A. Hugsanlega er grunnálagið hjá fyrirtækinu svona hátt vegna þess að einhver tæki eru í gangi allan sólarhringinn, tæki sem ekki þurfa að vera í gangi nema á vinnutíma eða að tækin eyða meiri rafmagn en nauðsynlegt er. Loftþjöppukerfi er hugsanlega orðið óþétt þannig að loftþjappan gengur stöðugt eða að rafmótorar eru ekki af réttri stærð og eyða því meira raf-

magni en þörf er á, svo að eitthvað sé nefnt. Í slíku tilviki er rafmagn eytt að óþörfu og lítil huggun í lægra meðalverði. Meðalorkuverðið er ekki það sem skiptir mestu máli heldur heildar-rafmagnskostnaðurinn.

HVAÐ ER TIL RÁÐA?

Fyrirtæki, á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur sem hafa hug á að skoða hvort þau geta lækkað orkukostnaðinn hjá sér, geta leitað til Orkuveitunnar og fengið mælingu á orkunotkun sinni yfir vikutímabil. Slík mæling, auk skráningar á því hvaða tæki eru í gangi á hverjum tíma gefur vísbendingu um hvers vænta má í sparnaði með breyttu vinnulagi. Auk þess er rétt að geta þess að starfandi eru sérhæfðir ráðgjafar á þessu sviði sem geta gert gagngera úttekt á raforkunotkun fyrirtækja og komið með tillögur til úrbóta.

Ólafur Kjartansson

Vinnustaðanám í málmíðnaði

Gengið hefur verið frá samkomulagi milli menntamálaráðuneytisins og Starfsgreinaráðs í málm-, véltækni og framleiðslugreinum um að hinir síðarnefndu geri tillögu að skipulagi vinnustaðanáms og ferilbókar í málmíðngreinum. Hér er um viðamikið verkefni að ræða sem áætlað að ljúki fyrir 1. maí árið 2002.

Samkvæmt námskrá framhaldsskóla er vinnustaðanám skilgreint sem órjúfanlegur hluti iðnnámsins og því mikilvægt að allur ferill þess verði skýr og auðveldur í framkvæmd.

Fræðsluráð málmíðnaðarins vinnur verkið sem undirverktaki Starfsgreinaráðsins undir stjórn Gylfa Einarssonar.

HELSTU ÞÆTTIR VERKEFNISINS

Verkefninu er skipt í eftirtalda aðalverkþætti:

1. Skilgreina tilgang vinnustaðanáms í 15 mánuði og þá með vísan til þeirra markmiða sem stefnt er að með námi í blikksmiði, rennismíði, vélvirkjun og stálsmiði.
2. Semja greinargerð um samhengi náms í skóla og vinnustaðanáms - m.a. út frá skilgreiningu á loka-markmiðum námsins.
3. Lýsa inntaki og helstu verkþáttum vinnustaðanáms í ofanefndum greinum.
4. Gera tillögu um skipulag 15 mánaða vinnustaðanáms þar sem fram kemur m.a. hvernig skráning nema í slíkt nám fer fram, lýsing á hlutverki tilsjónarmanns nema og menntunarkröfum sem til hans eru gerðar, hvernig meta og velja á fyrirtæki sem fá að taka nema í slíkt nám og setja fram tillögu um eftirlit og mat á inntaki vinnustaðanámsins í viðkomandi greinum.
5. Semja greinargerð um tilgang ferilbókar í málmgreinunum.
6. Leggja fram tillögu um gerð ferilbókar fyrir vinnustaðanám þar sem fram komi m.a. lýsing á inntaki og helstu námsþáttum, viðmiðanir um mat á verklegri færni nema, upplýs-



ingar um framvindu vinnustaðanámsins o.s.frv.

Af þessari upptalningu sést að hér um viðamikið og vandasamt starf að ræða. Að baki liggur ítarleg skilgreining á verkefninu sem Starfsgreinaráð lagði fram í ágúst síðastliðnum.

ÞEKKINGARÞÖRF LEIÐBEINENDA

Jafnframt því að endurskoða alla námskrár í málmíðnaðargreinum og endurskipuleggja vinnustaðanám einkst þörfin á að styrkja þá starfsmenn málmíðnaðarfyrirtækja sem falið verður að skipuleggja, framkvæma og bera ábyrgð á því. Að öðrum kosti er eins víst að allt hitt starfið sé unnið fyrir gýg.

Þess vegna hafði Fræðsluráð málmíðnaðarins forystu um að fá Metalindustriens lærlingeydvald í Danmörku og FÁS - Training and Employment Authority á Írlandi til þess að stofna til sameiginlegs verkefnis sem hefði það að markmiði að skipuleggja námskeið og handbók fyrir þessa starfsmenn fyrirtækjanna. Í ljós kom að allir áttu við sama vanda að glíma

að þessu leyti og var ljóst að brýnt var að leysa hann.

Þegar lýsing á verkefninu lá fyrir og það hafði fengið heitið Ably var sótt um styrk til Starfsmenntaáætlunar Evrópusambandsins, Leonardo da Vinci-áætlunarinnar. Þar á bæ var samþykkt að veita til verkefnisins 140 þúsund evrum sem nú eru jafnvirði rösklega 11 milljóna íslenskra króna. Það er til marks um mikilvægi verkefnisins og einnig hitt að frumkvæði frá Íslandi getur komið ýmsu góðu til leiðar. Ably-verkefninu á að ljúka seinni hluta þessa árs.

HÆFIR STARFSMENN

Af framansögðu er ljóst að málmíðnaðurinn leggur ekki einasta leggja áherslu á að vinna með yfirvöldum menntamála að því að endurbæta iðnnám í skólunum og laga það að kröfum nútímans heldur einnig að fylgja því eftir með markvissri leiðsögn og þjálfun í fyrirtækjunum sjálfum. Með því leggur málmíðnaðurinn sjálfur sitt af mörkum til að mennta og þjálfna hæfa og góða starfsmenn til framtíðar.

Ingólfur Sværissón

Þjónustu Mannafls vel tekið



Ráðningarstofan Mannafli gerði sem kunnugt er samning við Samtök iðnaðarins sl. haust um að annast milligöngu um að ráða erlent vinnuafli fyrir fyrirtæki innan Samtakanna en eftirspurn eftir erlendum starfsmönnum hefur færst mjög í vöxt. Þjónusta Mannafls er margþætt og felst m.a. í því að finna hæft starfsfólk erlendis, kanna bakgrunn þess, fá umsögn frá fyrri atvinnurekendum, sækja um atvinnu- og dvalarleyfi og vegabréfsáritun og að stoða við gerð ráðningarsamnings.

Ennfremur sér fyrirtækið um öll samskipti við opinbera aðila hér á landi sem og við hið erlenda starfsfólk fram að ráðningu. Í þessu sambandi hefur Mannafli gert samstarfssamning við erlend ráðningarfyrirtæki sem nota sams konar vinnuaðferðir og tryggja að íslensk fyrirtæki geti valið hæft fólk til starfa hverju sinni.

Ingibjörg Óðinsdóttir, ráðgjafi hjá



Ingibjörg Óðinsdóttir

ráðningarstofunni Mannafli, segir að fyrirtæki innan Samtaka iðnaðarins hafi sýnt þjónustu Mannafls mikinn áhuga og ráðningarstofan sé ánægð með undirtektir þeirra.

„Atvinnurekendur, eða þeir sem sjá um starfsmannaráðingar í fyrirtækjum, hafa sumir haft á orði að þeir hafi í raun ekki áttað sig á því fyrr hversu mikinn tíma þetta ferli hafi tekið frá þeim. Menn hafi verið í stöðugum samskiptum við erlenda starfsfólkið

og opinberar stofnanir svo vikum og jafnvel mánuð um skiptir. Það er einmitt það sem við bjóðum, þ.e. að við sjáum um allt ferlið og spörum viðskiptavinum okkar tíma og snatt og snúninga í kerfinu,“ sagði Ingibjörg.

Að hennar sögn hafa margar erlendar ráðningarstofur haft samband við Mannafli með ósk um samstarf og verið er að kanna og meta hverjar þeirra henta best til samvinnu. „Við gerum kröfu um að þau fyrirtæki, sem við erum í samstarfi við, beiti viðurkenndum að ferðum við starfsmannaráðningar og geti ábyrgst það fólk sem mælt er með. Það starfsfólk, sem til greina kemur, hefur því gengið gegnum tvöfalda síu, bæði í heimalandi sínu og hérlendis til að tryggja að við skiptavinir okkar fái fyrsta flokks starfsmenn.“

Áhugasömum er bent á að hafa samband við Ingibjörgu í síma 540-7100 á netfangi inga@mannafl.is.



Iðning 2001

*Iðning Samtaka iðnaðarins verður haldið
föstudaginn 16. mars nk. í Húsi iðnaðarins að Hallveigarstíg 1*

IÐNÞING - AÐALFUNDUR

Þingið verður með lítið eitt breyttu sniði frá því sem verið hefur því að gert er ráð fyrir að aðalfundarstörfum verði lokið fyrir hádegi. Samtökin bjóða fundarmönnum til hádegisverðar.

VERÐLAUNASJÓÐUR IÐNAÐARINS

Forseti Íslands mun afhenda verðlaun úr Verðlaunasjóði iðnaðarins en hann var stofnaður af Kristjáni Friðrikssyni í Últímu og fjölskyldu hans árið 1976 en verðlaunin eru veitt fyrir uppfinningu, haldningu og forystu í iðnaði, sérlega vel gerða iðnaðar-

framleiðslu og hönnun. Að lokinni afhendingu verðlauna taka formaður Samtaka iðnaðarins og iðnaðar- og viðskiptaráðherra til máls. Gert verður stutt hlé áður en tekið er að fjalla um þema þingsins. Gert er ráð fyrir að Iðningi ljúki um kl. 16:00.

ÁRSHÓF

Árshóf Samtakanna verður að venju haldið að kvöldi Iðnings í veislusalnum Versölum í Húsi iðnaðarins og hefst klukkan 19:00. Nánar verður fjallað um dagskrá Iðnings og fyrirkomulag árshófs í febrúarblaði Íslensks iðnaðar.